

Mat á þjóðhagslegum kostnaði verkfalls sjómanna

10. febrúar 2017



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Formáli

Skýrsla þessi er unnin fyrir tilstuðlan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Markmið hennar er að leggja mat á þjóðhagslegan kostnað vegna verkfalls sjómanna svo sem unnt er á stuttum tíma og tekur mið af því að verkfalli er ekki lokið og hluti kostnaðar fellur ekki til fyrr en eftir að því lýkur. Vinnulag var með þeim hætti að settur var saman vinnuhópur fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti, velferðarráðuneyti ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga undir forsvari fulltrúa atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins. Til liðs við vinnuhópinn voru fengnir starfsmenn Íslenska sjávarklasans sem báru hita og þunga af vinnunni sjálfri í góðu samstarfi við vinnuhópinn.

Starfsmenn Íslenska sjávarklasans sem unnu að skýrslunni:

Haukur Már Gestsson

Bjarki Vigfússon

Þór Sigfússon

Fulltrúar ráðuneyta í vinnuhópnum:

Jóhann Guðmundsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Kristinn Hjörtur Jónasson, fjármálaráðuneyti

Bjarnheiður Gautadóttir, velferðarráðuneyti

Eiríkur Benónýsson, innanríkisráðuneyti

Hanna Dóra Hólm Másdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Annas Jón Sigmundsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Kristinn Jónasson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Efnisyfirlit

Formáli.....	1
Samandregnar niðurstöður.....	4
Inngangur.....	7
1. Sjávarklasinn og margföldunaráhrif sjávarútvegsins	9
2. Árstíðarsveiflur í framleiðslu sjávarafurða.....	12
3. Áhrif á útflutning og gengi krónunnar	13
4. Áhrif á rekstur og afkomu sjávarútvegsins.....	13
4.1 Áhrif á ferskfiskframleiðsluna.....	14
4.2 Áhrif á framleiðslu og sölu frystra, þurrkaðra og saltaðra afurða.....	15
4.3 Áhrif á veiðar og vinnslu loðnu.....	16
5. Áhrif á rekstur og afkomu annarra fyrirtækja í sjávarklasanum	16
5.1 Reglubundin þjónusta við útgerðarfyrirtæki.....	16
5.2 Áhrif á veltu tæknifyrirtækja vegna fjárfestingarverkefna.....	16
6. Áhrif á tekjur sjómanna	17
7. Áhrif á tekjur annarra stétta en sjómanna.....	17
7.1 Áhrif á tekjur fiskverkafólks.....	17
8. Áhrif á ríkissjóð	18
8.1 Áhrif á greiðslur veiðigjalda.....	18
8.2 Áhrif á greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði	19
8.3 Áhrif á greiddan tekjuskatt sjávarútvegsfyrirtækja og fyrirtækja í sjávarklasanum.....	20
8.4 Áhrif á greiðslur staðgreiðsluskatta og tryggingagjalds	21
9. Áhrif á sveitarfélög.....	21
9.1 Áhrif á ólík sveitarfélög.....	21
9.2 Áhrif á útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga.....	22
9.3 Áhrif á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við einstaklinga.....	22
9.4 Áhrif á hafnarsjóði.....	23

Samandregnar niðurstöður

- Að leggja mat á kostnað þjóðfélagsins af verkföllum er miklum vandkvæðum bundið, ekki síst við aðstæður sem þessar þar sem slegið er á frest að nýta auðlind sem að nokkru eða miklu leyti verður nýtt síðar og skilar þá tekjum síðar sem „leiðréttir“ að einhverju leyti fyrir þeim tekjumissi sem verfallið veldur meðan á því stendur.
- Greiningin á efnahagslegum áhrifum verkfallsins miðast við að aflaheimildir megi nýta síðar og að nú eigi sér fyrst og fremst stað *tafir* á nýtingu aflaheimilda. Því fer þó fjarri að allt tap og beinn kostnaður sem hlýst af töfum á nýtingu aflaheimilda megi vinna upp síðar alls staðar í flóknum virðisbættum sjávarafurða og í hagkerfinu öllu.
- Það að aflaheimildir séu enn til staðar og að hægt sé að nýta þær og hafa af þeim sömu tekjur seinna á almennt síður við rök að styðjast eftir því sem lengra líður frá upphafi verkfallsins.
- Ýmiskonar *vaxtakostnaður* fylgir því strax að slá verkum á frest (fresta nýtingu aflaheimilda) og vannýta framleiðsluþætti á meðan. Þessi vaxtakostnaður birtist víða og er sennilega í mörgum tilvikum óafturkræfur.
- Verfall sjómanna á sér stað „fremst“ í verðmætasköpun íslenska hagkerfisins. Efnahagsleg áhrif þess eru því mjög víðtæk og snerta fjárhagslega hagsmuni fjölmargra fyrirtækja, kjör ýmissa stétta og fjármál hins opinbera til skemmri og lengri tíma. Sjávarútvegur er *grunnatvinnuvegur* á Íslandi. Dragist starfsemi hans af einhverjum ástæðum saman, einkum í lengri tíma, hefur það keðjuverkandi áhrif í efnahagslífinu.
- Áhrifa verkfallsins gætir með nokkuð misjöfnum hætti hjá sjávarútvegsfyrirtækjum. Stærð þeirra, eðli starfseminnar (hrein útgerð, hrein vinnsla, eða lóðrétt samþætt) og eðli framleiðslu þeirra, útgerðarmynstur, birgðastaða í upphafi verkfalls, skuldastaða, hlutfall fasts kostnaðar og ýmislegt fleira kemur hér til og veldur því að geta þeirra til að takast á við vandamál framleiðslustöðvunar til skamms og meðallangs tíma er mjög misjöfn. Stöðvunin á eftir að hafa margvísleg áhrif á framleiðsluna og líklega á verð síðar á árinu þegar framleiðsla hefst að nýju og þannig hafa áhrif á afkomu fyrirtækjanna í greininni á árinu.
- Gögn benda til þess að framleiðsla og útflutningur ferskra bolfiskafurða hafi dregist saman um 40-55% frá því sem ætla mætti að hún hefði verið á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017. Fyrirliggjandi upplýsingar um aflabrogð, flutningamagn á sjó og með flugi og útflutning benda til þess að framleiðsluminnkun á ferskum bolfiskafurðum á tímabilinu hafi minnkað útflutningstekjur um 3.500 – 5.000 milljónir króna á tímabilinu. Þetta er að nokkru tap sem ekki verður bætt með nýtingu aflaheimilda síðar.
- Standi verfall fram á loðnuvertíðina og veiðar falla niður mun þjóðarbúið verða af tekjum sem líklega verða taldar í þúsundum milljóna króna.
- Í ferskfiskframleiðslu hafa söluaðilar tilfinnanlega mestar áhyggjur af mörkuðum fyrir íslenskar afurðir og hættunni á að missa hluta þess markaðar annað eða að verð til þeirra lækki þar til lengri tíma.

- Heildaráhrif verkfallsins á ráðstöfunartekjur sjómanna eru talin nema um 3.573 milljónum króna til 10. febrúar 2017. Áhrif á skylduiðgjöld til lífeyrissjóða sjómanna eru talin nema um 800 milljónum króna á tímabilinu. Hér er um að ræða tekjur sem að mestu eða öllu leyti kunna að skila sér við nýtingu aflaheimilda síðar.
- Í það minnsta 2400-2600 starfsmenn í fiskvinnslu hafa orðið fyrir tekjuskerðingu vegna verkfallsins. Tekjutap þessa hóps (lægri ráðstöfunartekjur) er metið á um 818 milljónir króna til 10. febrúar 2017. Hér er um að ræða beint tekjutap sem fallið hefur á hóp launþega sem ekki á möguleika á að fá hann bættan með nýtingu aflaheimildanna síðar nema ef til vill að mjög takmörkuðu leyti. Áætluð áhrif á greiðslur þessa hóps í skylduiðgjöld lífeyrissjóða eru metin á um 185 milljónir króna.
- Atvinnuleysistryggingasjóður hefur þegar greitt um 312 milljónir króna í atvinnuleysisbætur og kauptryggingu til fiskvinnslufólks vegna verkfallsins. Er þá ótalin afallinn kostnaður vegna febrúar 2017. Greiðslur í atvinnuleysistryggingasjóð eru taldar hafa lækkað um 126 milljónir króna vegna verkfallsins, þar af um 24,5 milljónir króna vegna launa fiskverkafólks, en það eru greiðslur sem ólíklegt má telja að skili sér með nýtingu aflaheimilda síðar.
- Eftir því sem verkfall dregst á langinn er líklegra að það hafi áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins 2017 í sjávarútvegi. Verði slík áhrif til þess að minnka hagnað sjávarútvegsfyrirtækja, og annarra fyrirtækja sem treysta á viðskipti við þau, mun það endurspeglast í greiddum tekjuskatti þeirra til ríkissjóðs og í útreikningum á veiðigjaldi (til lækunar) fyrir fiskveiðiárið 2019/2020.
- Gróflega áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna lækkaðra staðgreiðsluskatta og tryggingagjalds fiskverkafólks og sjómanna (hásetar, skipstjórnarmenn, vélstjórar) vegna verkfallsins á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017 er metið: Vegna launa fiskverkafólks (líklega að mestu óafturkræft): 392 milljónir króna. Vegna launa sjómanna (einhverju eða mestu leyti afturkræft): 2.165 milljónir króna. Alls: 2.557 milljónir króna.
- Gróflega áætlað tekjutap sveitarfélaga vegna lækkaðra útsvarsgreiðslna fiskverkafólks og sjómanna (hásetar, skipstjórnarmenn, vélstjórar) vegna verkfallsins á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017 er metið: Vegna launa fiskverkafólks (líklega að mestu óafturkræft): 175 milljónir króna. Vegna launa sjómanna (einhverju eða mestu leyti afturkræft): 833 milljónir króna. Alls: 1.008 milljónir króna.
- Heildaráhrif verkfallsins til 10. febrúar 2017 á tekjur hins opinbera (ríki og sveitarfélög) vegna minni launagreiðslna í sjávarútvegi nema því um 3.565 milljónum króna, þar af 2.998 milljónir króna vegna launa sjómanna (einhverju eða mestu leyti afturkræft) en 567 milljónum króna vegna launa fiskverkafólks (líklega að mestu óafturkræft).
- Verðmætasköpun í fiskveiðum og vinnslu samkvæmt þjóðhagsreikningum var á bilinu 140 - 170 milljarðar króna árlega frá árinu 2008 (á föstu verðlagi) sem samsvarar um 380 - 460 milljónum króna á dag að meðaltali. Að viðbættum óbeinum

efnahagslegum áhrifum má leiða getum að því að verðmætasköpun sjávarútvegs og tengdra greina hafi numið 350 - 425 milljörðum króna árlega frá 2008 sem samsvarar 960 - 1160 milljónum króna á dag að meðaltali. Ekki er þó hægt að halda því fram að þjóðhagslegt tap af völdum verkfallsins hafi numið 960-1160 milljónum króna á hverjum verkfallsdegi hingað til, en bent er á að rannsóknir gefi það til kynna að við algjört og langvarandi vinnslustopp nálgist hið þjóðhagslega tap á degi hverjum þessar upphæðir. Vinnustoppið nú er hvorki algjört né langvarandi, en er engu að síður mjög víðtækt og hefur dregist á langinn þannig að áhrifa þess gætir nú talsvert víðar í hagkerfinu en á fyrstu vikum verkfallsins.

Inngangur

Verkfall sjómanna hófst 14. desember 2016 og hefur því staðið í rúmar átta vikur. Í þessari samantekt er gerð tilraun til að meta efnahagsleg áhrif verkfallsins frá upphafi þess fram til daganna 6.-10. febrúar 2017. Þá eru dregnar fram meginlínur þeirra efnahagslegu áhrifa sem áframhaldandi verkfall er talið hafa, eða talið geta haft, fyrir íslenskan sjávarútveg, sjávarklasann og þjóðarbúið, þar með talið á ríkissjóð og sveitarfélög. Þessari samantekt er aðeins ætlað að fjalla um bein og óbein fjárhagsleg áhrif verkfallsins en tekur ekki til ýmissa félagslegra áhrifa þess.

Samantekt þessi var unnin á mjög knöppum tíma og því er notast við nokkuð einfaldar forsendur í mati á einstökum þáttum og breið talnabil gefin til að undirstrika óvissuna í matinu. Skýrslunni er þannig ekki ætlað að meta til fjár með nákvæmum hætti kostnað verkfallsins, enda er það ógerningur á þessum tímamarki, heldur gefa grófa mynd af því tapi sem þegar hefur orðið og spá fyrir um hvernig kostnaður einstakra hópa og þjóðarbúsins vex meðan lengra dregur frá upphafi verkfallsins.

Að leggja mat á kostnað þjóðfélagsins af verkföllum er miklum vandkvæðum bundið, ekki síst við aðstæður sem þessar þar sem slegið er á frest að nýta auðlind sem að nokkru eða miklu leyti verður nýtt síðar og skilar þá tekjum síðar sem „leiðréttir“ að einhverju leyti fyrir þann tekjumissi sem verkfallið veldur meðan á því stendur.

Meðan séð er fram á dræma loðnuvertíð er óhætt að gefa sér nú að aflaheimildir verði að mestu nýttar og framleiðslugeta sjávarútvegsins ráði við endurráðstöfun framleiðslupáttá síðar. Þó er málið ekki alveg svo einfalt að allar heimildir verði hægt að nýta síðar dragist verkfall á langinn. Heimildir til veiða þorsks í Barentshafi er ekki hægt að færa milli ára frekar en veiði loðnu hér heima. Þá er réttur til flutnings nýtingar aflaheimilda milli ára almennt 15% en þó aðeins 5% í innfjarðarrækju vegna eðli stofnsins en stjórnvöld geta brugðist við með tímabundnum aðgerðum sem rýmka þessar heimildir vegna sérstakra aðstæðna að fenginni ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Þá er ljóst að flotinn mun sækja fyrst í dýrari tegundir eftir að verkfalli lýkur til að vinna sem fyrst upp tap og tímasetningar sem farið hafa úr skorðum. Það er því hættu á að veigaminni tegundir á borð við gulllax sitji eftir og að fórnarkostnaður komi þar fram. Hér er því að mörgu að hyggja.

Greining á efnahagslegum áhrifum verkfallsins hér miðast engu að síður við nýtingu aflaheimilda síðar og að nú eigi sér fyrst og fremst stað *tafir* á nýtingu aflaheimilda. Því fer þó fjarri að tap og beinn kostnaður sem hlýst af töfum í nýtingu aflaheimilda megi vinna upp síðar alls staðar í flóknum virðisbættum sjávarafurða og vegna viðskipta sem ekki verða vegna verkfallsins annars staðar í hagkerfinu. Þá er ótalið tjón sem hugsanlega hlýst af verðlækkunum, auknum markaðskostnaði og fleiru eftir að verkfalli lýkur og framleiðsla hefst á ný. Í umfjöllun um kostnað einstakra hópa eða aðila vegna verkfallsins er því reynt að meta að hve miklu leyti áfallinn kostnaður eða tekjutap þeirra muni skila sér til baka við nýtingu aflaheimilda síðar og þá á hve löngum tíma (skemmri eða lengri) og með hve miklum kostnaði, eftir atvikum.

Fullyrðingin um að aflaheimildir séu enn til staðar og að hægt sé að nýta þær og hafa af þeim tekjur síðar á almennt síður við rök að styðjast eftir því sem lengra líður frá upphafi verkfallsins. Fyrir þessu eru margar ástæður og einfaldast er að sjá fyrir sér stöðuna svona: Verkfall í 1-3 vikur hefur hverfandi áhrif á nær öllum sviðum í samanburði við verkfall sem

stendur í 1 ár. Verkfall í 1-3 vikur hefur mjög lítil óafturkræf áhrif. Verkfall í 1 ár hefur hins vegar fjölmarga óafturkræfa kostnaðarliði í för með sér fyrir mjög marga hópa. Þetta er augljóst. Ein þeirra spurninga sem við þarf að glíma á ólíkum stöðum í virðisikeðjunni þegar mat er lagt á þjóðhagslegan kostnað verkfallsins er: Hvenær er sá tímapunktur kominn að ekki verði hægt að vinna upp tiltekið tekjutap með nýtingu aflaheimildanna síðar? Og hvaða kostnaður mun samt sem áður fylgja því að vinna það upp, til dæmis með aukinni framleiðslu og að sækja aftur fyrri stöðu á mörkuðum?

Eftir átta vikur af verkfalli er víða komið að þessum mörkum og sumt tekjutap launafólks, ýmissa fyrirtækja og opinbera aðila er orðið óafturkræft. Við það tap bætist svo ýmiskonar *vaxtakostnaður* sem hlýst af því að slá verkum á frest (fresta nýtingu aflaheimilda) og vannýta framleiðsluþætti á meðan. Þessi vaxtakostnaður birtist víða strax og er í mörgum tilvikum óafturkræfur. Vaxtakostnaður er fólgin í minni tekjum í dag, þ.e. greiðslur berast síðar. Þá getur hann birst í lægri afurðaverðum þegar framleiðsla hefst að nýju, auknum kostnaði nær allra í virðisikeðjunni við að framleiða aukið magn á skemmri tíma síðar og við að vinna til baka markaði og hillupláss, skertri getu til að ráðstafa hráefni í verðmeiri afurðaflokka þegar framleiðsla hefst að nýju og svona mætti lengi telja í flóknum virðisikeðjum ólíkra sjávarafurða.

Svo vitað sé er skýrsla þessi fyrsta tilraunin sem gerð er til að ná utan um þau efnahagslegu áhrif sem víðtæk vinnustöðvun meðal sjómanna, og þar af leiðandi mjög víðtæk framleiðslustöðvun í íslenskum sjávarútvegi, hefur á íslenska hagkerfið. Skýrsluna og efni hennar ber að túlka í því ljósi, en þó ekki síður í ljósi þess á hve skömmum tíma efni hennar var unnið. Fyrirvara skal því setja við sumar þær forsendur sem gefa þurfti við ýmiskonar mat vegna hinnar miklu óvissu sem enn ríkir um afleiðingar vinnustöðvunarinnar á fjölmarga einstaka þætti og hagkerfið í heild sinni. Hvatt er til þess hér, þegar að hæfilegur tími er liðinn frá verkfalli, og ýmis annar kostnaður verkfallsins kominn í ljós verði skýrsla þessi endurunnin þannig að heildarkostnaður þjóðfélagsins af verkfalli sem þessu liggi betur fyrir.

1. Sjávarklasinn og margföldunaráhrif sjávarútvegsins

Í mati á efnahagslegum áhrifum sjómannaverkfalls á þjóðarbúið í heild þarf að taka tillit til þess að sjávarútvegur er svokallaður *grunnatvinnuvegur* hér á landi, ólíkt öðrum atvinnuvegum almennt. Þetta hafa rannsóknir undanfarinna ára staðfest. Dragist starfsemi grunnatvinnuvegar af einhverjum ástæðum saman hefur það keðjuverkandi áhrif í efnahagslífinu með öðrum hætti en ef starfsemi dregst saman í atvinnuvegi sem ekki er grunnatvinnuvegur.


Þessi margföldunaráhrif sjávarútvegsins má flokka í tvennt. Annars vegar þann **virðisauka** sem myndast í öðrum atvinnugreinum en má rekja til viðskipta þeirra við sjávarútveginn, þ.e. vöru- og þjónustusölu til hans eða frekari úrvinnslu úr afurðum hans (jafnan nefnt *sjávarklasi*). Hins vegar þann virðisauka sem myndast í gegnum svokölluð **eftirspurnaráhrif**, þ.e. laun og hagnað sem varið er til kaupa á neysluvörum og þjónustu í hagkerfinu.




Einföld framsetning af sjávarútveginum og klasa atvinnugreina sem stunda viðskipti við hann (sjávarklasanum)

Framlag sjávarútvegsins er þannig vanmetið sé aðeins horft til beinnar verðmætasköpunar í fiskveiðum og fiskvinnslu. Rannsóknir hafa sýnt að hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu í heild er á bilinu 19-28% þótt bein hlutdeild hafi verið 7-11% frá árinu 2008 samkvæmt þjóðhagsreikningum. Rannsóknir sýna þannig með öðrum orðum að sjávarútvegurinn skapar þjóðarbúinu u.þ.b. 2,5 sinnum meiri verðmæti en hefðbundnar hagtölur (þjóðhagsreikningar) gefa til kynna.¹ Þessar tölur einar og sér gefa til kynna hversu gríðarleg áhrif framleiðslustöðvun sjávarútvegsins til lengri tíma getur haft á þjóðarhag.

¹ Hagfræðistofnun 2007; Íslenski sjávarklasinn 2012, 2013, 2014.



Áætluð hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu í heild árið 2015 er 19,1%



Bein og óbein verðmætasköpun í sjávarútvegi á dag að meðaltali árið 2015

Tekið skal fram að í þjóðhagsreikningum og mati á efnahagslegri þýðingu atvinnugreina skiptir mestu sá virðisauki sem þær skapa en ekki tekjur, þ.e. verðmætasköpun greinarinnar að teknu tilliti til aðfangakaupa. Verðmætasköpun í fiskveiðum og vinnslu samkvæmt þjóðhagsreikningum² var á bilinu 140 - 170 milljarðar króna árlega frá árinu 2008 (á föstu verðlagi) sem samsvarar um 380 - 460 milljónum króna á dag að meðaltali.



Að viðbættum hinum fyrrnefndu óbeinu efnahagslegu áhrifum má leiða getum að því að verðmætasköpun sjávarútvegs og tengdra greina hafi numið 350 - 425 milljörðum króna árlega frá 2008 sem samsvarar 960 - 1160 milljónum króna á dag að meðaltali. Ætla má að hið beina og óbeina þjóðhagslega tap af hverjum glötuðum framleiðsludegi í íslenskum sjávarútvegi liggi nálægt þessu bili þegar til lengdar lætur. Ekki er gott að leggja mat á að hve miklu leyti þetta tap verður unnið upp síðar og það mun einkum ráðast af lengd verkfallsins, en einnig fjölmörgum öðrum þáttum sem ekki eru endilega á valdi íslenskra fyrirtækja. Brýnt

² Vergar þáttatekjur.

er að hafa í huga að mat þetta byggir á áætlunum og rannsóknum og verður því alltaf nálgun. Engu að síður gefa þessar tölur bestu fánlegu áætlun á umfang þess efnahagslega tjóns sem framleiðslustöðvun í íslenskum sjávarútvegi veldur þjóðarbúinu, einkum ef hún er langvarandi. Hér er því ekki haldið fram að þjóðhagslegt tap af völdum verkfallsins hafi numið 960-1160 milljónum króna á hverjum verkfallsdegi hingað til, aðeins bent á að rannsóknir gefi það til kynna að við algjört og langvarandi vinnslustopp nálgist hið þjóðhagslega tap á degi hverjum þessar upphæðir. Með öðrum orðum eru þessar upphæðir nokkurs konar efri mörk þess efnahagslega tjóns sem alger framleiðstöðvun myndi valda í íslenska hagkerfinu, standi hún nógu lengi til þess að allt tjón verði óafturkræft.

2. Árstíðarsveiflur í framleiðslu sjávarafurða


Þegar litið er til heildarafla undanfarin fimm ár sést að í júní og desember er jafnan minnst veitt, á meðan mestur aflinn er í janúar, febrúar og mars og má einkum rekja það til mikilla uppsjávarveiða í þessum mánuðum. Þetta endurspeglast hins vegar ekki í útflutningi sjávarafurða sem dreifist mun jafnar yfir mánuði ársins þegar litið er til magns. Þannig má segja að heilt yfir séu veiðarnar misjafnar eftir mánuðum á meðan salan er til muna jafnari. Væri hins vegar rýnt betur í öll þessi gögn eftir mismunandi fisktegundum, afurðaflokkum og mörkuðum kæmu vafalítið meiri árstíðarsveiflur í ljós, en til þess gafst ekki tími við gerð þessarar greiningar.



Veiðar íslenskra skipa drógust saman um 90% í janúar 2017 sé miðað við janúar 2016. Veiðar í desember 2016 voru hins vegar meiri en í desember 2015.

3. Áhrif á útflutning og gengi krónunnar

Tölur Hagstofunnar gefa til kynna nokkra lækkun á útflutningstekjum sjávarafurða í desember og janúar síðastliðnum frá sömu mánuðum á fyrri árum. Gengi krónunnar hefur lækkað frá byrjun desember 2016 eftir nær stöðuga hækkun frá sumarbyrjun. Seðlabankinn segir í nýjasta hefti Peningamála (2017-1) frá 8. febrúar 2017 að þessa gengislækkun megi að einhverju leyti rekja til minni gjaldeyristekna vegna verkfalls sjómanna, en einnig fleiri þátta. Áhrif verkfallsins eru því enn sem komið er litlar á helstu þjóðhagsstærðir á borð við gengi og verðbólgu en munu sennilega birtast með skýrari hætti í vöruskiptajöfnuði og hugsanlega hagvexti þegar líða fer á árið. Lengd verkfallsins mun ráða miklu um áhrifin á hagvöxt og sömuleiðis áframhaldandi áhrif á gengisþróun krónunnar.



4. Áhrif á rekstur og afkomu sjávarútvegsins

Hagstofan birtir árlega samantekt á afkomu sjávarútvegsins í riti sem nefnist *Hagur veiða og vinnslu*. Nýjasta samantektin er fyrir rekstrarárið 2015. Þegar lagt er mat á stöðu íslensks sjávarútvegs þegar verkfall hófst ber að horfa til þess að á meðan árið 2015 var í mörgu tilliti mjög gott ár í íslenskum sjávarútvegi þróuðust ýmsir ytri áhrifaþættir til hins verra á árinu 2016 og gera má fastlega ráð fyrir því að rekstrarniðurstaða þess verði eitthvað lakari en ársins 2015. Þetta er meðal annars vegna gengishækkunar krónunnar (12%) á árinu 2016 sem rýrði tekjur greinarinnar í íslenskum krónum, gengisfalls breska pundans, sérstaklega á síðari hluta ársins 2016 í kjölfar ákvörðunar bresku þjóðarinnar um að yfirgefa Evrópusambandið, erfiðrar stöðu á mörkuðum fyrir þurrkaðar afurðir í Nígeríu sem nú hafa verið nær lokaðir í langan tíma, slæmrar stöðu á mörkuðum í Úkraínu, lokunar Rússlandsmarkaðar og fleiri þátta sem þróuðust með neikvæðum hætti á árinu 2016.³ Olíuverð hefur þó verið lágt og góð verð fengist á flestum fiskmörkuðum. Þrátt fyrir þetta

³ Þessir þættir hafa vitanlega einnig haft neikvæð áhrif á kjör margra sjómanna á árinu 2016.

má þó segja að fjárhagsleg staða íslensks sjávarútvegs sé mjög góð um þessar mundir, rekstur greinarinnar undanfarin ár hefur verið góður og 2016 var ekki slæmt ár þó eitt og annað hafi þróast til verri vegar frá fyrra ári. Staða fyrirtækja var þó mjög misjöfn í upphafi verkfalls.


Ekki verður annað séð en að áhrif verkfallsins leggist með mjög misjöfnum hætti á fyrirtækin í greininni. Stærð þeirra, eðli starfseminnar (hrein útgerð, hrein vinnsla, eða lóðrétt samþætt) og framleiðsla þeirra, útgerðarmynstur, birgðastaða í upphafi verkfalls, skuldastaða, hlutfall fasts kostnaðar og ýmislegt fleira kemur hér til. Sum fyrirtæki hafa verið tekjulaus í langan tíma meðan önnur hafa getað selt birgðir. Fastur kostnaður er sums staðar hár, annars staðar minni, o.s.frv. Vegna þessa fjölbreytileika er erfitt að greina áhrifin á rekstur fyrirtækjanna nema með mjög knöppum hætti og þá mjög almennt. Eftir átta vikur af miklu eða algeru tekjutapi standa mörg fyrirtæki illa og áhyggjur fara vaxandi. Hin sönnu áhrif á afkomu greinarinnar munu ekki skýrast fyrr en eftir að veiðar og sala afurða hefjast að nýju.

Framleiðslustöðvunin á að líkindum eftir að hafa margvísleg áhrif á framleiðslu og verð síðar á árinu þegar framleiðsla hefst að nýju og þannig hafa áhrif á afkomu fyrirtækjanna í greininni. Því fyrr sem framleiðsla hefst að nýju, því líklegra er að þessi áhrif megi milda og að styttri tíma taki að vinda ofan af þeim vandamálum, t.d. í markaðsmálum, og þar af leiðandi þeim kostnaði sem framleiðslustöðvunin gæti valdið til lengri tíma.

4.1 Áhrif á ferskfiskframleiðsluna

Ferskfiskútflutningurinn hefur að hluta haldið velli með sjósókn smábáta meðan á verkfalli stendur. Engu að síður benda ýmis gögn til þess að framleiðsla og útflutningur ferskra bolfiskafurða hafi dregist saman um 40-55% frá því sem ætla mætti að hún hefði orðið, með tilheyrandi tekjutapi alls staðar í virðisreðju ferskra bolfiskafurða, meðan á verkfalli hefur staðið. Fyrstu tvær vikur ársins eru verð yfirleitt góð í þessum afurðaflokki og undanfarin ár hafa íslensk fyrirtæki nýtt sér þá stöðu.

Fyrirliggjandi upplýsingar um aflbrögð, flutningamagn á sjó og með flugi benda til þess að framleiðsluminnkun á ferskum afurðum á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017 hafi minnkað útflutningstekjur um 3.500 – 5.000 milljónir króna á tímabilinu. Í því mati er hvort tveggja tekið tillit til um 25% verðlækkunar og 36% framleiðsluaukningar á ferskum afurðum á árinu 2016.



Þetta er að nokkru tap sem ekki verður bætt með nýtingu aflaheimilda síðar (nema þá að mestu í öðrum afurðaflokkum, sem ekki gefa jafnmikinn virðisauka) vegna þess að í framleiðslu og útflutningi þessara afurða eru framleiðslutakmarkandi þættir sem hamla aukinni framleiðslu og útflutningi þegar verkfalli lýkur. Þessir flöskuhálsar eru ekki síst í formi takmarkaðs fraktpláss með flugi frá landinu. Þá er mjög ólíklegt að ferskfiskmarkaðir taki við mikilli aukningu afurðamagns þegar nýting aflaheimilda hefst að nýju, jafnvel þó þessum framleiðslutakmarkandi þáttum væri ekki fyrir að fara. Miklu líklegra er að leggja þurfi í kostnað til að vinna markaði og verðlækkunarir til baka.

Eru þá ótalin áhrif af hugsanlegum verðlækkunum fyrst eftir að útflutningur þessara afurða hefst að nýju, sem flestir markaðsaðilar búast við (en telja þó að verði skammvinnar; nokkrar vikur eða örfáir mánuðir). Óreiða á þessum markaði fyrst eftir að vinnsla hefst að nýju mun þá aftur takmarka getu fyrirtækjanna til að ráðstafa hráefni í framleiðslu ferskra afurða. Ferskar afurðir skila að jafnaði meiri verðmætum en aðrir afurðaflokkar bolfisks. Hér verður því hugsanlega til frekara tap sem ekki fæst bætt með nýtingu aflaheimilda síðar.

Af afurðaflokkunum fjórum í bolfiski (ferskt, fryst, saltað, þurrkað) hafa söluaðilar mestar áhyggjur af mörkuðum fyrir ferskar afurðir og hættunni á að missa hluta þess markaðar annað eða að verð lækki til lengri tíma. Viðskiptavinir eru þegar byrjaðir að leita annað, meðal annars með kaupum á frystum fiski frá Noregi og Rússlandi sem síðan er uppþíddur og jafnan er greitt mun lægra verð fyrir en ferskan íslenskan fisk. Þetta er samdóma álit fjölmargra sem rætt var við.

4.2 Áhrif á framleiðslu og sölu frystra, þurrkaðra og saltaðra afurða

Þegar skoðaðar eru bráðabirgðatölur Hagstofunnar um útflutning sjávarafurða í desember 2016 og það sem af er ári 2017 má ráða að ekki hafi orðið mikill samdráttur í útflutningi sjávarafurða í þessum mánuðum, þó hann hafi verið einhver. Þetta er þrátt fyrir það að landanir í janúar séu aðeins um 5-10% af því sem þær hafa verið að meðaltali síðastliðin ár. Þetta er vegna þess að til voru birgðir frystra, þurrkaðra og saltaðra afurða. Sum sjávarútvegsfyrirtæki, og hér er einkum um að ræða stærri aðila, gátu því haldið áfram sölu þessara afurða á fyrstu vikum verkfallsins. Nú nálgast hratt sá tími að ekkert verði eftir af þessum birgðum og hjá hluta fyrirtækjanna eru þær þegar uppurnar. Þetta er samdóma álit

allra þeirra sem rætt var við og til þekkja. Þar sem allt að 20-40 daga tekur að framleiða sumar afurðirnar í þessum afurðaflokkum er því fyrirséður skortur á afurðum sem leiða mun til tekjutaps síðar á þessu ári nema framleiðsla hefjist mjög fljótlega að nýju. Af þessu hafa nú margir talsverðar áhyggjur. Við mat á kostnaði vegna þessa, sem fara verður fram síðar, mun meðal annars þurfa að horfa til þess hvort saltfiskafurðir verði til þegar líða fer að páskum, en sala saltfiskafurða er í talsverðu mæli árstíðabundin. Mars er jafnan stærsti mánuður ársins í afhendingu saltfiskafurða frá Íslandi.

4.3 Áhrif á veiðar og vinnslu loðnu

Enn sem komið er eru útgefnar aflaheimildir í loðnu litlar en heimildir fyrir íslensk skip eru nú 12.100 tonn. Mögulegt er að heimildirnar verði rýmkaðar innan nokkurra daga þegar frekari mælingar liggja fyrir. Þessar veiðar hefðu því ekki verið hafnar nú (10.02.2017) þó verkfall stæði ekki yfir. Standi verkfall fram á vertíðina og veiðar falla niður mun þjóðarþúið verða af tekjum sem líklega verða taldar í þúsundum milljóna króna því heimildir til loðnuveiða verða ekki geymdar og færðar milli ára.

5. Áhrif á rekstur og afkomu annarra fyrirtækja í sjávarklasanum

5.1 Reglubundin þjónusta við útgerðarfyrirtæki

Til að ná utan um tekjulækkun fyrirtækja sem þjónusta sjávarútveginn var miðast við gagnaúrtak aðfangakaupa útgerðarfyrirtækja á verkfallstímabilinu auk opinberra gagna um aðfangakaup fyrri ára. Við gefnar forsendur bendir varfærið mat til þess að aðfanga- og þjónustukaup hafi minnkað um 3,8-7 milljarða króna á tímabilinu 14. desember 2016 - 10. febrúar 2017 með sennilegasta gildi þeirrar upphæðar einhversstaðar á miðju bili. Gera má ráð fyrir að um 35-40% þeirrar upphæðar séu innflutt aðföng, einkum olía. Eftir stendur 2,3 - 4,6 milljarða króna tekjulækkun innlendra flutningsaðila, umbúðaframleiðenda, tæknifyrirtækja og annarra þjónustufyrirtækja. Þessi tekjulækkun leggst vitaskuld mishart á þjónustufyrirtæki eftir atvinnugreinum, landshlutum, stærð o.fl. og hún skilar sér að öllum líkindum að miklu leyti til baka, en þó ekki öllu, verði aflaheimildir nýttar til fulls síðar.

Tekjusamdráttur í þjónustu við sjávarútveg 14.12.16 – 10.2.17

	Frá	Til
Innflutt aðföng (einkum olía)	1400 m kr.	2400 m kr.
Innlend aðföng	2300 m kr.	4600 m kr.
Umbúðir o.þ.h.	500 m kr.	800 m kr.
Flutningar	1100 m kr.	1700 m kr.
Löndun og hafnaþjónusta	250 m kr.	500 m kr.
Önnur þjónusta	550 m kr.	1600 m kr.
Samtals	3800 m kr.	7000 m kr.

5.2 Áhrif á veltu tæknifyrirtækja vegna fjárfestingarverkefna

Í kafla 5.1 er ekki tekið tillit til breytinga á veltu tæknifyrirtækja vegna fjárfestingarverkefna sem tengjast fiskveiðum og fiskvinnslu. Samtöl við stjórnendur fyrirtækja sem eru umsvifamikil á því sviði benda ekki til þess að umfang verkefnanna hafi minnkað mikið ennþá enda voru þegar í gildi um þau samningar við upphaf verkfalls. Eftir því sem lengra

líður aukast þó líkurnar á minni umsvifum, enda hefur nýjum fjárfestingarákvörðunum að mestu verið frestað síðan verkfallið hófst.

6. Áhrif á tekjur sjómanna

Hásetar: Í verkfalli frá 14. desember 2016 eru um 2.200 hásetar. Þeir hafa ekki haft neinar tekjur nema úr verkfallssjóðum sínum frá þeim tíma. Ætlað tekjutap þeirra (minni ráðstöfunartekjur) er áætlað 2.265 milljónir króna til 10. febrúar 2017.

Vélstjórar: Um 550 vélstjórar eru í verkbanni sem tók gildi 23. janúar 2017. Fram að því, frá 16. desember í fyrra, voru þeir á lögbundinni kauptryggingu. Gróflega áætlað tekjutap (minni ráðstöfunartekjur) þeirra til 10. febrúar 2017 er um 564 milljónir króna til 10. febrúar 2017.

Skipstjórnarmenn: Til viðbótar eru um 600 skipstjórnarmenn á kauptryggingu frá upphafi verkfalls. Gróflega áætlað tekjutap (minni ráðstöfunartekjur) þeirra er um 745 milljónir króna.

Heildaráhrif á ráðstöfunartekjur þessara þriggja hópa á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017 er því gróflega áætluð 3.573 milljarðar króna. Taka ber tilliti til þess að hér er um tekjur sem að mestu eða öllu leyti kunna að skila sér við nýtingu aflaheimilda síðar.

Áhrif á skylduiðgjöld til lífeyrissjóða þessara þriggja hópa voru talin nema um 800 milljónum króna á tímabilinu.

Í útreikningum fjármálaráðuneytis á þessum tekjuáhrifum var notast við nokkuð einfaldar forsendur um meðaltekjur þessara hópa en ekki söguleg gögn, útreikningum ber því að taka með þeim fyrirvara.

7. Áhrif á tekjur annarra stétta en sjómanna

7.1 Áhrif á tekjur fiskverkafólks

Í það minnsta 2600 einstaklingar sem starfa við fiskvinnslu hafa orðið fyrir beinni tekjuskerðingu vegna verkfallsins. Um 1300 starfsmenn fiskvinnsla þáðu atvinnuleysisbætur í janúar 2017 vegna verkfallsins og námu heildargreiðslur til þeirra alls 225 milljónum króna fyrir skatta og gjöld í mánuðinum. Um 1000 starfsmenn fiskvinnslu voru á kauptryggingu sem veitir þeim rétt til dagvinnulauna í janúar. Þá hafa minnst 100 einstaklingar nú þegar ýmist fullnýtt rétt sinn til bóta úr atvinnuleysistryggingasjóði eða ekki átt rétt til bóta (84 einstaklingar). Þessu til viðbótar eru um 200 einstaklingar sem sótt hafa um atvinnuleysisbætur en eru komnir í aðra vinnu, fóru erlendis eða annað sem afturkallar umsókn um bætur.

Því er hægt að fullyrða að minnst 2400-2600 starfsmenn í fiskvinnslu hafi orðið fyrir tekjuskerðingu einhverja daga frá 14. desember 2016, hluti hópsins frá miðjum desember, aðrir í skemmri tíma.

Algengt er að fiskverkafólk í fullri vinnu á þessum árstíma hafi heildartekjur á bilinu 400-500 þús. krónur á mánuði. Tekjur þeirra á atvinnuleysisbótum eða kauptryggingu eru í langflestum eða öllum tilfellum lægri.

Í útreikningum fjármálaráðuneytis á áhrifum verkfallsins á ráðstöfunartekjur þessa hóps var gert ráð fyrir að meðallaun þessara starfsmanna væru 458 þús. krónur á mánuði, 1300 væru

á atvinnuleysisbótum en 1000 á kauptryggingu. 150 væru án úrræða. Tapaðar ráðstöfunartekjur þessa hóps eru þá gróflega áætlaðar um 818 milljónir króna á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017. Þar af eru 283 milljónir króna hjá fiskverkafólki á kauptryggingu, 445 milljónir króna hjá fiskverkafólki á atvinnuleysisbótum og 91 milljón króna vegna einstaklinga án annarra tekjuúrræða. Á þá eftir að taka tillit til þess að hluti þessara starfsmanna er í fríu fæði í vinnu sinni, sem nú nýtur ekki við, auk annarra hugsanlegra fríðinda.

Áætluð áhrif á greiðslur þessa hóps í skylduiðgjöld lífeyrissjóða eru metin á um 185 milljónir króna á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017.

Fiskverkafólk starfar flest á dagbónusum sem bætast við grunnlaun þeirra. Þessi tekjuskerðing þeirra, sem þegar er áfallin, verður því ekki bætt með því að nýta aflaheimildir til fulls síðar. Hér er því um að ræða beinan kostnað (tekjutap) sem fallið hefur á hóp launþega sem ekki á möguleika á að fá hann bættan með nýtingu aflaheimildanna síðar nema ef til vill að mjög takmörkuðu leyti.

Í útreikningum þessum er notast við nokkuð einfaldar forsendur og ber því að taka niðurstöðunni með fyrirvara um þær⁴.

8. Áhrif á ríkissjóð

8.1 Áhrif á greiðslur veiðigjalda

Áhrif á ríkissjóð vegna veiðigjalda gætir bæði til skamms og langs tíma. Áhrif vegna minni veiða á tímabilinu 14. desember - 31. desember 2016 eru talin hverfandi lítil og því litið fram hjá þeim í þessari greiningu.

Til skamms tíma má meta áhrifin í janúar og það sem af er febrúar 2017 svona:

Veiðigjöld eru greidd tveimur mánuðum eftir löndun. Veiðigjöld vegna landaðs afla í janúar koma því til greiðslu í mars, en veiðigjöld vegna landaðs afla í febrúar í apríl. Í töflu á næstu síðu er áætluð frestun á greiðslu veiðigjalda til ríkissjóðs.

⁴ Í útreikningum á atvinnuleysisbótum er notast við upplýsingar um bótagreiðslur frá Vinnumálastofnun fyrir janúarmánuð fyrir þessa 1300 einstaklinga og notast við meðaltal (sem er síðan nýtt fyrir útreikninga á atvinnuleysisbótum í desember og febrúar). Hættan við slíka nálgun er að í reynd er einhver dreifni á þessum upphæðum og fyrir vikið verða einhverjir sem eru innan skattleysismarka en með meðaltalsnálgun er ekki tekið tillit til þessa.

	Vegna tímabilsins 01.01.2017 - 31.01.2017 [Til greiðslu í mars 2017]	Vegna tímabilsins 01.02.2017 - 10.02.2017 [Til greiðslu í apríl 2017]
Porskur	-155 m kr.	- 68 m kr.
Ýsa	- 35 m kr.	-13 m kr.
Karfi	- 25 m kr.	- 9 m kr.
Ufsi	- 21 m kr.	- 8 m kr.
Kolmunni	- 20 m kr.	- 7 m kr.
Grálúða	- 13 m kr.	- 5 m kr.
Loðna	- 11 m kr.	- 4 m kr.
Rækja	- 3 m kr.	-1 m kr.
Langa	- 3 m kr.	- 1 m kr.
Síld	- 18 m kr.	- 0,5 m kr.
Alls	- 304 m kr.	- 115,5 m kr.
Frítekju- og skuldaafsl.	+ 54	+ 22 m kr.
Alls m.t.t. frítekju- og skuldaafsl.	- 251 m kr.	- 93,5 m kr.

Reiknað með að janúar og febrúar í ár hefðu orðið svipaðir mánuðir m.t.t. löndunar afla og undanfarin ár, en leiðrétt fyrir veiðum smábáta á árinu. Athugið að tölur fyrir febrúar voru reiknaðar fyrir allan mánuðinn en svo skalaðar niður til að gera ráð fyrir því að aðeins eru 10 dagar liðnir af mánuðinum.

Þessi gjöld verða þó að öllum líkindum greidd síðar þegar nýting aflaheimilda fer fram og hér er því um *tafir* að ræða en þeim fylgir einhver *vaxtakostnaður* fyrir ríkissjóð.

Til lengri tíma geta áhrifin orðið önnur. Minnki hagnaður sjávarútvegsins með einhverjum hætti varanlega (óafturkræft) vegna verkfallsins á árinu 2017, sem erfitt verður að meta fyrir en að því loknu og aldrei með mjög nákvæmum hætti, veldur það óhjákvæmilega því að reiknuð veiðigjöld fyrir fiskveiðiárið 2019/2020 lækka (þar sem rekstrarárið 2017 myndar grunn fyrir útreikninga þess fiskveiðiárs), að því gefnu að reglur um útreikning gjaldsins og álagningu haldist óbreyttar. Að því leyti sem þetta hugsanlega tap útgerðarinnar á árinu 2017 verður afturkræft, þ.e. uppvinnalegt með nýtingu aflaheimilda síðar en ella ef ekki hefði komið til verkfalls, munu þær tekjur skila sér til ríkissjóðs en þá með áföllnum *vaxtakostnaði* fyrir ríkissjóð sem ekki fæst bættur.

8.2 Áhrif á greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði

Samkvæmt Vinnuálastofnun hafa greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði vegna verkfallsins numið alls 312 milljónum króna á tímabilinu 14. desember 2016 – 31. janúar 2017. Greiðslurnar skiptast svona:

	Atvinnuleysisbætur	Kauptrygging	Samtals
Des. 2016	26 m kr.	5 m kr.	31 m kr.
Jan. 2017	225 m kr.	56 m kr.	281 m kr.
Samtals	251 m kr.	61 m kr.	312 m kr.

Tæplega 1300 einstaklingar fá nú greiddar atvinnuleysisbætur vegna verkfallsins. Hins vegar hafa alls 1600 einstaklingar sótt um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar og tilgreint sjómannaverkfallið sem ástæðu umsóknarinnar. Mismunurinn, um 300 einstaklingar, skýrist af því að einhverjir hafa nú þegar fullnýtt rétt sinn til bóta, aðrir áttu ekki rétt á bótum (84 einstaklingar) og enn aðrir fengið aðra vinnu, farið erlendis eða annað og því dregið umsókn sína til baka. Vegna þeirra einstaklinga sem hafa sótt um bætur vegna sjómannaverkfallsins og fengið umsókn sína samþykka greiddi Vinnumálastofnun um 26 m kr. út í desember 2016 og 225 m kr. í janúar 2017.

33 fiskvinnslufyrirtæki hafa ákveðið að halda starfsfólki sínu á kauptryggingu í verkfallinu en sækja greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði í samræmi við lög nr. 51/1995. Þann 7. febrúar 2017 tók þessi skráning til um 1.000 starfsmanna þessara 33 fyrirtækja. Greiðslur vegna þess úr atvinnuleysistryggingasjóði námu 5 milljónum króna í desember 2016 en 56 milljónum króna í janúar 2017.

Um 1.300 starfsmenn fiskvinnsla þáðu atvinnuleysisbætur í janúar 2017 vegna verkfallsins og námu heildargreiðslur til þeirra alls 225 milljóna króna fyrir skatta og gjöld í mánuðinum. Það gerir aðeins um 173 þús. krónur að meðaltali á hvern einstakling úr atvinnuleysistryggingasjóði í mánuðinum. Þetta er m.a. vegna þess að fiskvinnslufólk fékk að meðaltali greitt fyrir 79% janúarmánaðar úr sjóðnum. Hópur fiskvinnslufólks hefur að meðaltali hærra bótarétt en almennt gerist (95% á móti 90%) og á væntanlega rétt á stigvaxandi tekjutengingu eftir því sem líður á tímabilið frá uppsögn, að sögn Vinnumálastofnunar. Því má búast við því að greiðslur til þeirra sem eru á atvinnuleysisráði í kjölfar vinnslustöðvunar í fiskvinnslu eigi eftir að aukast fyrir hvern dag í febrúar miðað við janúar, þó svo tala þeirra sem fá bæturnar greiddar haldist óbreytt.

Lægri greiðslur tryggingargjalds til atvinnuleysisbóta vegna lækkaðra launagreiðslna til sjómanna og fiskverkafólks á verkfallstímanum er metið á um 126 milljónir króna á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017, þar af 24,5 milljónir króna vegna tekna fiskverkafólks. Notast er við sömu forsendur í þeim útreikningum og við áætlun á lækun ráðstöfunartekna þessara hópa hér að framan.

8.3 Áhrif á greiddan tekjuskatt sjávarútvegsfyrirtækja og fyrirtækja í sjávarklasnum

Ætla má verkfallið hafi ekki haft nokkur teljandi áhrif á afkomu sjávarútvegsins, eða sjávarklasans í heild, á árinu 2016. Örlítið högg kom vissulega strax á ferskfiskmarkaðinn þegar verkfallið hófst en þau eru hverfandi í mati á heildaráhrifum á rekstrarafkomu greinarinnar. Áhrif verkfallsins á tekjuskatta ríkisins vegna fyrirtækja í greininni og sjávarklasnum fyrir rekstrarárið 2016 verða því mjög lítil eða hverfandi.

Á rekstrarárinu 2017 mun áhrifa verkfallsins á tekjuskatta ríkissjóðs gæta nokkuð. Tæpar sex vikur eru liðnar á árið og víst að hagnaður ársins verður minni en ef ekki hefði staðið verkfall þessar sex vikur. Þetta tap (minni rekstrarhagnaður) sjávarútvegsfyrirtækja og annarra fyrirtækja í sjávarklasnum, mun skerða tekjur ríkissjóðs vegna rekstrarársins 2017. Ekki er unnt að meta þessi áhrif af neinni nákvæmni fyrr en eftir að verkfalli lýkur og framleiðsla hefst á ný. Eðli málsins samkvæmt getur framlengt verkfall haft mjög mikil áhrif á rekstrarafkomu ársins, ekki bara í veiðum og vinnslu, heldur einnig í ýmsum þjónustufyrirtækjum í sjávarklasnum.

Sé mið tekið af hagnaði af veiðum og vinnslu (sem sagt hreinn sjávarútvegur án annarra fyrirtækja í sjávarklasnum) á árinu 2015, sem þó er ekki með öllu skynsamlegur samanburður þar sem það var talsvert betra rekstrarár í íslenskum sjávarútvegi en stefndi í að yrði árið 2017 (án verkfalls), samsvarar sex vikna hagnaður sjávarútvegsins til ríflega 5,4 milljarða króna ef notast er við hefðbundna uppgjörsaðferð. Tekjuskattur ríkisins af hagnaði fyrirtækja er 20%. Þetta beina tekjutap ríkissjóðs hefur því þegar numið rúmlega 1 milljarði króna á árinu 2017 skv. þessum forsendum. Þessum útreikningum verður að taka með miklum fyrirvara en er ætlað að gefa hugmynd um áhrif verkfallsins á þennan tekjulið ríkissjóðs. Þá ber að líta þess að þessir skattar verða þó að mestu eða öllu leyti greiddir síðar þegar nýting aflaheimilda fer fram og hér er því einkum um tafir að ræða en þeim fylgir einhver vaxtakostnaður fyrir ríkissjóð.

Ótalið er þá tap ríkissjóðs vegna minni hagnaðar en ella annars staðar í sjávarklasnum vegna minni viðskipta við sjávarútveg á árinu 2017. Ekki liggja fyrir rannsóknir til að meta það á kerfisbundinn hátt en miðað við hagnaðarhlutfall í öðrum atvinnugreinum og óbein efnahagsáhrif sjávarútvegs má leiða getum að því að sú upphæð nemi nálægt 1 milljarði króna til viðbótar fyrir hverjar sex vikur verkfalls. Hið sama á við hér um að greiðslur muni að miklu eða öllu leyti skila sér síðar.

8.4 Áhrif á greiðslur staðgreiðsluskatta og tryggingagjalds

Gróflega áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna lækkaðra staðgreiðsluskatta og tryggingagjalds fiskverkafólks og sjómanna (hásetar, skiptstjórnarmenn, vélstjórar) vegna verkfallsins á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017 er metið:

Vegna launa fiskverkafólks (líklega að mestu óafturkræft): 392 milljónir króna

Vegna launa sjómanna (einhverju eða mestu leyti afturkræft): 2.165 milljónir króna


Alls: 2.562 milljónir króna.

Í útreikningum er notast við sömu forsendur og í útreikningum á skerðingu ráðstöfunartekna þessara hópa hér að framan.

9. Áhrif á sveitarfélög

9.1 Áhrif á ólík sveitarfélög

Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2007 um áhrif aflasamdráttar á afkomu sveitarfélaga er talið að lítil sjávarþorp verði fyrir meiri búsifjum af aflasamdrætti þorsks en þau sem stærri eru. Stærri sveitarfélög búa þannig við fjölbreyttara atvinnulíf sem geri þau betur í stakk búin að mæta skerðingu afla en smærri sveitarfélög, sem byggja að mestu afkomu sína á sjávarútvegi og tengdum greinum. Hið sama gildir nú um vinnslustopp vegna verkfalls, smærri sjávarútvegsveitarfélög verða hlutfallslega fyrir meiri efnahagslegum áhrifum af verkfallinu. Þetta birtist vitanlega einnig í afkomu sveitarfélagsins sjálfs þegar útsvarstekjur lækka hlutfallslega mikið meðan á verkfalli stendur og ýmis viðskipti í sveitarfélaginu, bæði innan og utan eiginlegs sjávarútvegs, dragast saman. Mörg fyrirtæki, hvort sem í verslun eða margháttaðri þjónustu, finna fyrir samdrætti. Dæmi eru um að stöndugri útgerðarfyrirtæki liðsinni ýmsum þjónustufyrirtækjum, sem hafa fyrst og fremst sinnt sjávarútvegi, við að ná endum saman nú þegar þjónustustarfsemin við sjávarútveginn liggur að miklu leyti niðri.



Hlutfall atvinnutekna sem komu beint úr sjávarútvegi eftir landshlutum 2008. Af þessum tölum má geta sér til um af hve mismiklum þunga vinnslustopp hefur áhrif á tekjur launþega í ólíkum landshlutum og útsvarstekjur sveitarfélaganna. Heimild: Atvinnuvegaráðuneytið.

9.2 Áhrif á útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga

Gróflega áætlað tekjutap sveitarfélaga vegna lækkaðra útsvarsgreiðslna fiskverkafólks og sjómanna (hásetar, skipstjórnarmenn, vélstjórar) vegna verkfallsins á tímabilinu 14. desember 2016 – 10. febrúar 2017 er metið:
 Vegna launa fiskverkafólks (líklega að mestu óafturkræft): 175 milljónir króna.
 Vegna launa sjómanna (einhverju eða mestu leyti afturkræft): 833 milljónir króna.
 Alls: 1.008 milljónir króna.

Í útreikningum er notast við sömu forsendur og í útreikningum á skerðingu ráðstöfunartekna þessara hópa hér að framan.

9.3 Áhrif á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við einstaklinga

Eftir óformlega könnun starfsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga meðal nokkurra sveitarfélaga virðast umsóknir einstaklinga um fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum sem rekja má til verkfallsins ekki hafa verið margar. Staðfestar fregnir bárust við gerð þessarar skýrslu af 6-8 slíkum umsóknum og í einhverjum tilvikum áttu þeir einstaklingar ekki rétt á slíkri fjárhagsaðstoð.

Einungis þeir sem eru 18 ára og eldri og hafa tekjur og eignir undir ákveðnum viðmiðunarmörkum (sem eru ólík milli sveitarfélaga) geta sótt um fjárhagsaðstoð. Jafnframt skal umsækjandi, njóti hann réttar til atvinnuleysisbóta, ávallt nýta sér þann rétt fyrst. Aðeins þeir eiga rétt á fjárhagsaðstoð sem eru undir viðmiðunarmörkum.

Verkfallið þarf því líklega að standa töluvert lengi áður en réttindi verkafólks og annarra sem misst gætu vinnu sína vegna verkfallsins til fjárhagsaðstoðar verður sveitarfélögunum íþyngjandi, þar sem þessum einstaklingum er skylt að fullnýta réttindi sín annars staðar áður en til þess kemur að réttur þeirra til fjárhagsaðstoðar raungerist.

9.4 Áhrif á hafnarsjóði

Hafnir á Íslandi treysta í mjög ólíkum mæli á aflagjöld (gjöld tekin af lönduðum afla) til rekstrar síns. Hreinræktar fiskihafnir, sem finnast mjög víða í þeim sveitarfélögum þar sem sjávarútvegur spilar stórt hlutverk í atvinnulífi sveitarfélagsins, treysta þannig í mun meira mæli á aflagjöld en stærri hafnir sem þjóna fjölbreyttara atvinnulífi. Í töflu á næstu síðu er sýnt hvernig aflagjöld, og hlutfall þeirra af heildartekjum hafnarsjóðanna sem aðild eiga að Hafnarsambandi Íslands, voru á árinu 2015.

Af þessu má ráða að fjöldi hafnarsjóða hefur orðið fyrir verulegu tímabundnu tekjutapi frá því verkfall hófst enda hafa landanir í janúar aðeins verið um 5-10% af því sem þær hafa að jafnaði verið í sama mánuði undanfarin ár. Hér er þó um að ræða tekjur sem að mestu eða öllu leyti skila sér síðar til hafnarsjóðanna (sem eru í eigu sveitarfélaganna) þegar til nýtingar aflaheimilda kemur og landanir hefjast að nýju. Staða einstakra hafnarsjóða, einkum þegar kemur að aðgengi að lausafé til skamms tíma og vegna vaxandi vaxtakostnaðar, getur því haft áhrif í verkfallinu. Leita þyrfti upplýsinga hjá einstaka hafnarsjóðum til að staðfesta það. Ætla má að þessi vandi eigi frekar við um smærri hafnarsjóði á landsbyggðunum frekar en í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Tekjur af aflagjöldum 2015		
	Milljónir kr.	Hlutfall af tekjum hafnar:
Faxaflóahafnir	253,2	8,0%
Fjarðabyggðahafnir	244,3	28,3%
Vestmannaeyjahöfn	187,9	37,3%
Grindavíkurhöfn	151,5	69,9%
Hafnir Snæfellsbæjar	118,3	65,0%
Hafnir Fjallabyggðar	101,7	69,3%
Hafnir Ísafjarðarbæjar	101,3	38,5%
Hafnarfjarðarhöfn	81,2	15,8%
Hafnir Dalvíkurbyggðar	68,2	61,8%
Bolungarvíkurhöfn	64,4	72,0%
Hafnarsamlag Norðurlands	63,2	13,1%
Hornarfjarðarhöfn	62,6	45,0%
Þorlákshöfn	57,5	30,9%
Skagastrandarhöfn	47,0	74,1%
Grundarfjarðarhöfn	46,2	49,8%
Seyðisfjarðarhöfn	45,3	26,8%
Reykjaneshöfn	42,2	16,8%
Sandgerðishöfn	41,8	57,3%
Skagafjarðarhafnir	39,2	40,6%
Hafnir Langanesbyggðar	35,4	46,9%
Vopnafjarðarhöfn	33,8	29,3%
Hafnir Vesturbyggðar	31,1	30,2%
Djúpavogshöfn	22,7	58,5%
Hafnir Norðurþings	22,0	28,9%
Stykkishólmsöfn	12,4	23,9%
Hól mavíkurhöfn	4,5	35,4%
Súðavíkurhöfn	4,5	40,9%
Borgarfjarðarhöfn	4,3	59,7%
Hvammstangahöfn	1,7	30,9%
Kópavogshöfn	0,3	1,2%
Blönduóshöfn		
Breiðdalshöfn		
Reykholahöfn		
Tálknafjarðarhöfn		
Vogahöfn		